

## Skipulag námsmats í Rimaskóla, byggt á skilgreindum hæfniviðmögum Aðalnámskrár grunnskóla.

Leitast er við að byggja námsmatið í skólanum sem mest á leiðsagnarmati. Leiðsagnarmat metur fjölbreytta hæfni nemenda til lengri tíma. Leiðsagnarmat hvers nemanda er birt á Mentor og eiga nemendur og foreldrar að fá reglulegar og skýrar upplýsingar um kunnáttu og getu á hverjum tíma í hæfnikorti nemandans (sjá mynd). Með þessum hætti er lögð áhersla á að bæði nemendur og foreldrar fái tilfinningu fyrir því hvað hefur áunnist og hvert viðkomandi nemandi stefnir. Leitast er við að hafa námsmat fjölbreytt.

Markmiðið með leiðsagnarmati er að vægi hefðbundinna prófa fari minnkandi og vinna nemenda verði metin jafnt og þétt. Með þessu móti er nemandinn í öndvegi og betur er komið til móts við einstaklingsmiðaðar þarfir nemenda í skólalstarfinu.

Í skólanámskrá kemur fram hvaða hæfniviðið og matsviðið liggja til grundvallar í hverri námsgrein fyrir sig. Hæfniviðið Aðalnámskrár eru sá grundvöllur sem nám, kennsluhættir og námsmat eiga að byggja á. Hæfniviðið í öllum námsgreinum á öllum stigum er að finna undir “Skólanámskrá” á heimasíðu skólans. Hæfniviðið sem liggja til grundvallar í hverju verkefni eru að auki tilgreind í lotum námsgreinanna inni á Mentor.

### Sýnishorn af hæfnikorti nemanda í stærðfræði

Tölur og reikningur		
Notað rauntölur og greint samhengi milli talna í ólíkum tainamengjum.	Notað sætiskerfisrithátt og sjúnt að hann skilur þær reglur sem gilda um hann.	Gefið dæmi um mismunandi framsetningu hlutfalla og brota, skýrt sambandið milli almennra brota, tugabrota og prósentu.
<input type="checkbox"/>	<input checked="" type="checkbox"/> 2.6.2017	<input checked="" type="checkbox"/> 2.6.2017
Leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum.	Tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir við reikning með ræðum tölum sem byggja á eigin skilningi, nýtt vasareikni og tölvur í þeim tilgangi.	Reiknað með ræðum tölum, m.a. við lausnir á jöfnum og öðrum viðfangsefnum algebru.
<input checked="" type="checkbox"/> 2.6.2017	<input checked="" type="checkbox"/> 2.6.2017	<input type="checkbox"/>
Notað almenn brot, tugabrot og prósentur við útreikninga á daglegum viðfangsefnum.	Nýtt sér samhengi og tengsi reikniáðgerðanna og notað þá þekkingu við útreikninga og mat á þeim.	
<input checked="" type="checkbox"/> 2.6.2017	<input checked="" type="checkbox"/> 2.6.2017	
Algebra		
Unnið með talnarunur og rúmfræðimynstur til að rannsaka, koma skipulagi á og alhæfa um það á táknmáli algebrunnar og sett fram stæður með breytistærðum.	Leyst jöfnur og einfaldar ójöfnur, leyst saman jöfnur með fleiri en einni óþekktri stærð.	Ákvarðað lausnir á jöfnum og jöfnuhneppum með myndritum og lýst sambandi breytistærða með föllum.
<input checked="" type="checkbox"/> 2.6.2017	<input checked="" type="checkbox"/> 2.6.2017	<input type="checkbox"/>

## Nánar um lokamat.

Nemendur í 10. bekk útskrifast eftir matskvarða Aðalnámskrár grunnskóla. Þann matskvarða er skólum skylt að nota við brautskráningu nemenda.

Í Aðalnámsskránni eru skilgreind ákveðin matsviðmið fyrir faggreinar í lok hvers greinakafla. Þau eru lýsing á hversu vel nemandi hefur skilgreinda hæfni á valdi sínu.

Við mat á hæfni nemenda er notaður kvarðinn A, B, C, D, þar sem A lýsir framúrskarandi hæfni, B lýsir góðri hæfni, C sæmilegri hæfni og D hæfni sem nær ekki viðmiðum sem lýst er í C. Þá hefur verið bætt við kvarðann B<sup>+</sup> og C<sup>+</sup> sem getur nýst þegar nemendur hafa náð að hluta þeim viðmiðum sem lýst er í Aðalnámsskránni varðandi A og B. Ekki verða útbúin sérstök matsviðmið fyrir þessa viðbót heldur gildir það að sá sem hefur náð meginþorra B matsviðmiða og náð einstökum þáttum í A getur fengið B<sup>+</sup> og sá sem hefur náð meginþorra C matsviðmiða og einstökum þáttum í B getur fengið C<sup>+</sup>.

Á vef Menntamálastofnunar um fyrirkomulag á nýju námsmati kemur fram að nemandi sem fær A þarf að vera búin að ná öllum matsviðmiðum greinar.

## Mið- og unglíngastig

Nemendur í 5. – 9. bekk eru metnir á sama hátt og í 10. bekk. Flestar einkunnir verða í bókstöfum en matið lokið / ólokið er notað í nokkrum valgreinum. Í Mentor eru hæfniviðmið og matsviðmið skilgreind.

## Lokamat að vori verður því eftirfarandi á mið- og unglíngastigi

**A Framúrskarandi hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.**

**B<sup>+</sup> Notað þegar hæfni er sambærileg þeirri lýsingu sem á við einkunnina B og að hluta til þeirri lýsingu sem á við einkunnina A.**

**B Góð hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.**

**C<sup>+</sup> Notað þegar hæfni er sambærileg þeirri lýsingu sem á við einkunnina C og að hluta til þeirri lýsingu sem á við einkunnina B.**

**C Sæmileg hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.**

**D Hæfni og frammistöðu í námi ábótavant með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.**

**Námsmat nemenda í 1. – 4. Bekk**

Á yngsta stigi 1. – 4. bekk er námsmati háttað þannig að í öllum greinum verða hæfniviðmið skilgreind í Mentor kerfinu en engar sérstakar einkunnir gefnar fyrir hverja grein.

 Framúrskarandi
 Hæfni náð
 Á góðri leið
 Þarfnast þjálfunar
 Hæfni ekki náð

\*Stjörnumerktar einkunnir fá þeir nemendur sem stundað hafa nám sitt að fullu eða að hluta eftir aðlagðri námskrá og viðmiðum í samræmi við metnar sérþarfir, en ekki samkvæmt hæfni og matsviðmiðum aðalnámskrár grunnskóla.